

Nefndasvið Alþingis,  
b.t. allsherja- og menntamálanefnd,  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 27. nóvember 2020.

**Efni: Umsögn Flugvirkjafélags Íslands um frumvarp til laga um kjaramál flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands.**

Vísað er til ofangreinds frumvarps sem lagt var fram á Alþingi í dag, 27. nóvember 2020. Flugvirkjafélag Íslands („FVFI“) óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum að við efni frumvarpsins.

FVFI gerir alvarlegar athugasemdir við aðdraganda þess að frumvarpið er lagt fram á Alþingi og við efni frumvarpsins. Er einsýnt að frumvarpið mun ef að lögum verður brjóta í verulegu gegn samningsfrelsi og verkfallsrétti FVFI sem stéttarfélags og þar með m.a. gegn réttindum FVFI og félagsmanna þess sem varin eru af stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Samningsgrunnur kjarasamnings FVFI við Landhelgisgæslu Íslands hefur verið sá sami a.m.k. frá árinu 1982 og hefur innihaldið m.a. ákvæði um að kjör flugvirkja hjá stofnuninni fari samkvæmt aðalkjarasamningi FVFI, þ.e. kjarasamningi um kjör flugvirkja og félagsmanna FVFI sem starfa hjá Icelandair. Það athugast að í báðum tilvikum, þ.e. bæði varðandi Landhelgisgæslu og Icelandair, er samið á grundvelli ákvæða laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Fordæmi eru fyrir því að ríkið hafi í fyrri kjarasamningsviðræðum fallið frá kröfum um afnám þessarar tengingar, en slíkar kröfur hafði ríkið uppi í kjaraviðræðum aðila vegna flugvirkja Landhelgisgæslu árið 2014 en féll frá þeim kröfum og viðurkenndi rétt þeirra til tengingarinnar með því að rita undir kjarasamning þess efnis.

Samninganefnd ríkisins samanstendur af einstaklingum sem allir eru starfsmenn fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Af þessu verður ekki önnur ályktun dregin en að sú afstaða sem komið hefur fram af hálfu samninganefndarinnar sé beinlínis sama afstaða og fjármála- og efnahagsráðherra hefur í deilunni. Megin ágreiningurinn í kjaradeilu aðila nú er ekki í eðli sínu flókinn, en hann snýst um það að FVFI vill viðhalda framangreindri kjarasamningstengingu og samningsgrunni, sbr. ákvæði gr. 1.1 í kjarasamningi. Allir kjarasamningar FVFI byggja á þeim sama samningsgrunni. Þessu hefur samninganefnd ríkisins ekki viljað una og róið öllum árum að því að fella tenginguna úr gildi, jafnvel þó að það kostaði að til verkfalls yrði að koma og stöðvun flugflota og neyðarþjónustu Landhelgisgæslunnar. Gildistími kjarasamnings aðila rann út í lok síðasta árs og er því tæpt ár liðið nú án þess að nýr kjarasamningur hafi verið gerður. Þær kröfur sem samninganefnd ríkisins hefur komið fram með er að gengið verði til samninga um kjarasamningsmódel sem samninganefndin hefur lagt fram og er almennur staðlaður kjarasamningur ríkisstarfsmanna. Svo sem FVFI hefur hvort tveggja bent á við samningaborðið og opinberlega, þá fær slíkt kjarasamningsform í engu samræmst störfum og starfsumhverfi flugvirkja. Yrði kjarasamningsform þetta notað til gerðar kjarasamnings er ljóst að núverandi starfskjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni myndu skerðast verulega og þeir missa út ýmis réttindaákvæði sem er að finna í núverandi kjarasamningi þeirra við Landhelgisgæsluna. Það athugast að samningsform þetta er notað almennt af ríkinu vegna ríkisstarfsmanna sem falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hins vegar falla flugvirkjar Landhelgisgæslu undir ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, og er ekki um það deilt milli aðila.

Frumvarpið ber að mati FVFI vott um það offors sem gripið hefur samninganefnd ríkisins og ráðherra í þeirri viðleitni sinni að afnema kjarasamningstenginguna. Þegar FVFI vill ekki fara að vilja viðsemjanda síns eru lög keyrð í gegnum þingið til þess að knýja á um að farið sé að samningskröfum ríkisins. FVFI

mótmælir þessu gerræði ríkisvaldsins harðlega. Þá harmar FVFÍ það algjöra samráðsleysi sem ráðherrar ríkisstjórnar hafa viðhaft gagnvart FVFÍ í þessari kjaradeilu, verkfallsaðgerðum og í aðdraganda framlagningar frumvarpsins. Þau vinnubrögð eru andstæð vinnubrögðum fyrri ríkisstjórna í kjaradeilum sem FVFÍ hefur átt aðkomu að og þar sem á verkfallsréttinn hefur reynt.

Samninganefnd flugvirkja lagði fram á samningafundi aðila í gær, 26. nóvember sl., mjög einfalda uppsetningu að kjarasamningi með samningstíma til þriggja ára, er innihélt umrædda tengingu við aðalkjarasamning FVFÍ. Með því vildi FVFÍ axla ábyrgð á ástandinu og binda enda á kjaradeiluna. Þeirri tillögu var hafnað af hálfu samninganefndar ríkisins seinnipartinn í gær og fundi slitið.

Í 22. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands greinir að þeir starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem sinna löggæslustörfum séu undanþegnir verkfalli. Í tilviki flugvirkja nær ákvæði þetta einungis til svonefndra spilmana, að því leyti þegar þeir eru í áhöfn flugfara Landhelgisgæslunnar. Dómsmálaráðherra hefur þrátt fyrir þetta dregið í efa í fjölmiðlaumræðu að flugvirkjar Landhelgisgæslunnar hafi verkfallsrétt. Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er síðan mælt fyrir um að verkfallsaðgerðir flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni séu óheimilar. Verði frumvarpið að lögum verða flugvirkjarnir sviptir þeim grundvallarrétti sínum að fara í verkfall í kjaradeilunni. Eins og gefur að skilja er með þeirri aðgerð ríkisvaldsins þengt um leið svo verulega að samningsrétti flugvirkjanna og FVFÍ í kjaradeilunni að nánast óhugsandi er að samninganefnd ríkisins mun á tímabilinu fram til 4. janúar 2021, þ.e. fram að því að gerðardómi er ætlað að koma saman, samþykkja að framangreindri tengingu við aðalkjarasamning FVFÍ og samningrunni verði viðhaldið. Frumvarpið slær því í raun öll vopn úr hendi FVFÍ, ekki einungis hvað viðvíkur verkfallsheimild heldur einnig samningsstöðu og -rétti.

Sá skýringartexti sem fram kemur í frumvarpi til laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands og varðar framangreint ákvæði 22. gr., miðar við að starfsmenn stofnunarinnar hafi verkfallsrétt. Flugvirkjar Landhelgisgæslunnar höfðu samkvæmt fyrrgildandi lögum um stofnunina, nr. 25/1967, ekki verkfallsrétt og í ljósi þess að samningsstaða þessara starfsmanna væri af þeim sökum erfiðari en ella var í þeim lögum miðað við tengingu við kjarasamning á almennum vinnumarkaði. Þrátt fyrir að tekið hafi verið fyrir það almenna verkfallsbann með lögum nr. 52/2006, þá er staða flugvirkja í áhöfn enn með þeim hætti að þeir hafa ekki verkfallsrétt við áhafnastörf, sbr. 22. gr. laga nr. 52/2006. Undanþágan frá verkfalli á að því leyti til við um 8 af 18 flugvirkjum sem hjá stofnuninni starfa, þ.e. um helming þeirra, og 8 af 14 flugvirkjum sem ekki starfa sem yfirmenn hjá stofnuninni, þ.e. meirihluta flugvirkjanna. FVFÍ er því í raun ennþá við kjarasamningsgerð í umræddri samningsstöðu og var fyrir gildistöku laga nr. 52/2006. Ofan á það bætist nú, verði frumvarpið að lögum, að flugvirkjarnir eru sviptir með lögum verkfallsrétti sínum í kjaradeilunni. Öll rök hníga þ.a.l. að því að viðhalda beri tengingunni við almennan kjarasamning áfram í kjarasamningi við ríkið. Að þessu virtu er óskiljanleg sú einstengingslega afstaða samninganefndar ríkisins og fjármála- og efnahagsráðherra að afnema verði umrædda tengingu, hvað sem það kostar. Koma hefði mátt í veg fyrir verkfallið og lagasetningu ef ríkisvaldið hefði virt þessa stöðu FVFÍ og flugvirkja Landhelgisgæslunnar og um leið hina áratugagömlu tengingu í kjarasamningi. Hvergi er beinlínis tekið fram í núgildandi lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæsluna, að óheimilt sé að miða kjarasamning við kjör samkvæmt öðrum kjarasamningi á almennum vinnumarkaði. Þá ber einnig að líta til þess að framangreind tenging við kjarasamninginn við Ícelandair hefur verið hluti af kjarasamningi í marga áratugi og því má segja að rík og mótuð venja hafi myndast um þetta fyrirkomulag.

FVFÍ bendir einnig á að samninganefnd ríkisins hefur ekki sýnt fram á að neinir sérstakir annmarkar séu á kjarasamningi FVFÍ við Samtök atvinnulífsins við Ícelandair, sem leiða til þess að ekki verði áfram unnt að miða við þann kjarasamning áfram, né heldur fært fram rök fyrir annarri viðmiðun varðandi kjör, sbr. einnig niðurstöðu Félagsdóms í máli aðila nr. 1/1995. Með vísan til þessa hefur FVFÍ talið sig eiga skýlausa kröfu á því að reglan í gr. 1.1 í kjarasamningi aðila verði haldið óbreyttri í nýjum samningi aðila.

Í 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt fyrir um *félagafrelsi*, sem m.a. nær til stéttarféлага. Talið er að ákvæðið feli í sér viðtækari rétt félaga en er nákvæmlega orðaður í ákvæðinu, með hliðsjón einnig af 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, þ.m.t. samningsfrelsi stéttarféлага og verkfallsrétti. FVFÍ telur að ef frumvarp þetta verður að lögum verði verkfallsrétti félagsins settar skorður sem gangi í berhögg við ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar.

FVFÍ telur einnig að ákvæði frumvarpsins brjóti í bága við 11. gr. *Mannréttindasáttmála Evrópu*, sem hefur lagagildi á Íslandi, sbr. *lög nr. 62/1994*. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu um ákvæðið og skýringum á ákvæðinu og dómum, hefur verið talið að 11. gr. viðurkenni frelsi stéttarféлага til að semja um kaup og kjör gagnvart vinnuveitendum sínum og til að fylgja þeim réttindum eftir með þvingunaraðgerðum eins og t.d. verkföllum.

Virðingarfyllt,  
f.h. Flugvirkjafélags Íslands,

Guðmundur Úlfar Jónsson, formaður.

Um stöðu Flugvirkjafélags Íslands og Landhelgisgæslunnar.

Samninganefnd Flugvirkja lagði fram í gær 26/11 2020 mjög einfalda uppsetningu af þriggja ára samning með tengingu við aðalkjarasamning Flugvirkjafélagsins, með því vildi Flugvirkjafélagið axla ábyrgð á ástandinu og binda enda á deiluna. Þeim tillögum var hafnað af hálfu ríkisins seinnipartin í gær og fundi slitið.

Deilan snýst aðeins um eitt af hálfu ríkisins, það er að slíta tengingu við þann samningsgrunn sem flugvirkjar landhelgisgæslunnar hafa við aðra samninga flugvirkjafélagsins.

Það skal einnig tekið fram að allir kjarasamningar Flugvirkjafélagsins byggja á sama grunni og því hefur tenging við hvaða kjarasamning Flugvirkjafélagsins sömu grunn niðurstöðu. Tenging við Icelandair í þeim skilningi sem fjallað hefur verið um af ma. Ráðherra er því ekki til þess fundin að skila mönnum hlunnindum eða ákvæðum sem þurfa að vera um rekstur Icelandair heldur er svo viðauki sem samin er við LHG hvert sinn sem samningar losna til þess gerður að stýra öðru en því sem Icelandair semur um hverju sinni. Því er fráleitt að Landhelgisgæslan sé föst í samningsformi Icelandair og það kemur sérstaklega fram í umræddri grein sem fjallar um tengingu við Icelandair.

Það er okkar mat að samninganefnd ríkisins hafi einnig haft það að leiðarljósi að slíta tengingu strax að ári 2021 ef innanhústilaga ríkissáttasemjara hefði orðið að veruleika, því buðum við meiri festu með þriggja ára samning og vonuðumst við til þess að minnka líkurnar á því að samskonar deila tæki sig upp aftur að ári.

Nú erum við komin á þann stað að ríkið ætlar sér þetta eina markmið, að rjúfa tengingu, sama hvað það kostar, enda er tengingin eina deiluefnið að hálfu ríkisins. Þau stéttarfélag sem hafa þurft að lúta þessum brögðum ríkisvaldsins segja farir sínar ekki sléttar eins og fram hefur komið í máli Sjómannafélags Íslands, félagi Vélstjóra og Málmtæknimanna og Sjómannanna og vélstjórafélags Grindavíkur.

Ráðherra hefur ekki á neinu stigi málsins haft samband við flugvirkja eða kynnt sér málið út frá sjónarmiðum beggja aðila. Sem er alveg nýtt þegar deilur af þessum toga hafa átt sér stað hjá Flugvirkjafélaginu, þá hafa ráðherrar sett sig í samband og fengið fullan skilning á málinu og tekið svo afstöðu.

Ríkið er með lögunum að aðstoða sjálfst sig við samningagerð og það er aðeins eitt sem vakir fyrir, það er að koma flugvirkjum Landhelgisgæslunnar út úr samningsumhverfi Flugvirkjafélags Íslands.

Við lítum svo á að Flugvirkjafélag Íslands hafi engar heimildir frá félagsmönnum sínum til þess að semja kjarasamninga aðra en þá sem eru sérstaklega sniðnir að þeirra starfsumhverfi enda um mjög sérhæfð störf að ræða án þess að gert sé lítið úr öðrum störfum hins opinbera.

Virðingafyllst  
Fh. Stjórnar FVFÍ  
Guðmundur Úlfar Jónsson formaður.